

## Punkturinn 1. tbl. 2011 - Fréttabréf um skattamál

Á nýju ári leggur Punkturinn af stað og vill Skatta- og lögfræðisvið Deloitte óska öllum lesendum sínum gleðilegs árs.

Í þessum Punkti er nokkuð ítarleg samantekt á helstu skattbreytingum sem Alþingi gerði um áramótin, en ef óskað er enn ítarlegri úttektar, eða annarrar aðstoðar, þá er Skatta- og lögfræðisvið Deloitte meira en tilbúið til að veita frekari svör eða aðra aðstoð. Einnig má benda á Skattabækling Deloitte, en þar er að finna upplýsingar um skattaumhverfið á Íslandi.

Af öðru efni er vert að minnast á reifun á úrskurði yfirsattanefndar nr. 402/2010 um sölurétt starfsmanna, en það álitafni hefur verið mikið í umræðunni.

Þá er stutt umfjöllun um samning þann sem viðskiptaráðherra gerði við fjármálastofnanir árið 2001 og er kominn í umræðuna aftur vegna ábyrgðar sem þriðji aðili tók á lánnum sem bankarnir veittu. Vegna þjóðfélagssumræðunnar taldi Punkturinn rétt að fara yfir innihald samningsins.

Fjallað er um einkar athyglisvert svar Persónuverndar vegna beiðni fyrirtækis um kennitölusöfnun viðskiptavina, vegna sérstakra sjónarmiða fyrirtækisins. Að endingu vonum við að efni Punktsins komi að gagni og veiti einhverja ánægju.

- **Um ákvörðun dráttarvaxta gjaldanda vegna virðisaukaskatts fer eftir sérreglu 4. mgr. 28. gr. virðisaukaskattslaga, en ekki í almennum reglum í lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.** Sjá nánar umfjöllun bls. 2.
- **Leiðbeiningar ríkisskattstjóra á framkvæmd skattskila hvað varðar þann hluta arðs er telst til tekna sem laun.** Sjá nánar umfjöllun bls. 2.
- **Fyrirtæki verður að uppfylla skilyrði ríkisskattstjóra til að geta breytt rekstrarárinu hjá sér.** Sjá nánar umfjöllun bls. 2.
- **Domino's heimilað að nota kennitölur viðskiptavina vegna pöntunar á pizzum. Telst vera málefnalegur tilgangur.** Sjá nánar umfjöllun bls. 3.
- **Annað hvort á að skattleggja sölurétt starfsmanns þegar hann er veittur, eða þegar hann er nýttur af starfsmanninum.** Sjá nánar umfjöllun bls. 3.
- **Sé skuldaábyrgð eða veð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu bar fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda samkvæmt samkomulagi þar um.** Sjá nánar umfjöllun bls.4.
- **Nýr liðsmaður skatta- og lögfræðisviðs.** Sjá nánar umfjöllun bls. 4.
- **Yfirlit yfir allar helstu skattbreytingar sem tóku gildi um áramót.** Sjá nánar umfjöllun bls. 5.



## Hæstaréttardómur nr. 213/2010, frá 20. janúar 2011. Hilmir ehf. gegn íslenska ríkinu.

Um ákvörðun dráttarvaxta gjaldanda vegna virðisaukaskatts fer eftir sérreglu 4. mgr. 28. gr. virðisaukaskattslaga, en ekki í almennum reglum í lögum um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Umfjöllunarefni þessa dóms var uppgjör vaxta í kjölfar endurákvörðunar á virðisaukaskatti. Málavextir voru þeir að með úrskurði yfirskaftanefndar í mars 2009 var virðisaukaskattur H endurákvæðinn í samræmi við beiðni, sem fólst í skattframtali hans fyrir árið 2002, með þeim hætti að innskattur á árunum 2001 og 2002 var talinn hærri en útskattur. Í kjölfarið greiddi Tollstjóri inneignina að meðtöldum vöxtum. H felldi sig ekki við þetta uppgjör og höfðaði mál. Í málinu byggði H á því að hann ætti rétt á dráttarvöxtum, samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu, af innskattinum frá 20. desember 2003. Íslenska ríkið hélt því hins vegar fram að H ætti aðeins tilkall til vaxta samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda.

Í dómi hæstaréttar kemur fram að hefði skattstjóri farið rétt að við ákvörðun virðisaukaskatts H fyrir umrætt tímabil hefði ekki síðar en 28. ágúst 2004 átt að liggja fyrir úrskurður um inneign hans, að liðnum tveggja mánaða fresti sem getið er um í lögum um virðisaukaskatt. Samkvæmt 3. málslíð 4. mgr. 25. gr. sömu laga hefði greiðsla þessarar inneignar átt að fara fram innan fimmtán daga frá uppkvaðningu úrskurðarins, eða fyrir 13. september 2004.

Eftir 4. mgr. 28. gr. sömu laga hefði þessi inneign borið dráttarvexti ef greiðsla hefði ekki verið innt á hendi innan mánaðar frá þeim degi eða frá 14. október 2004. Væri hér um að ræða sérreglu um dráttarvexti af inneign gjaldanda vegna virðisaukaskatts sem gengi framar almennum reglum laga um endurgreiðslu oftekinna skatta og gjalda. Talið var að H hefði vegna málsmeðferðar skattstjóra orðið fyrir tjóni með því að fara á mis við rétt skil á inneign sinni eftir framangreindum reglum. Voru honum því dæmdar skaðabætur sem svöruðu dráttarvöxtum samkvæmt framansögðu.

## Ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra nr. 8/2010 - hluti arðs sem telst til tekna sem laun

Leiðbeiningar ríkisskattstjóra á framkvæmd skattskila hvað varðar þann hluta arðs er telst til tekna sem laun.

Í nóvember 2010 birti ríkisskattstjóri ákvarðandi bréf vegna fyrspurnar, um þann hluta arðs sem telja ber til tekna sem launatekjur samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 11. gr. laga um tekjuskatt.

Í bréfinu voru lagðar fyrir ríkisskattstjóra nokkrar spurningar og beiðni um svör. Samkvæmt bréfinu reiknast tekjuskatturinn af skattalegu eigin fé félagsins að frádragnum skuldum. Í bréfinu kemur að auki fram að það er félagið sem greiðir út arðinn, sem reiknar út frá eigin fé, í árslok viðmiðunarárs og hvernig skiptingin á að vera ef um slíka skiptingu er að ræða. Það hvíli svo á þeim aðila sem greiðir/úthlutar arði að halda eftir staðgreiðslu af arðinum og skila í ríkissjóð og eftir atvikum fjármagnstekjuskatti eða staðgreiðslu af launum.

Í bréfinu kemur jafnframt fram að samþykktur ársreikningur verði að liggja fyrir áður en arðsúthlutun fer fram samkvæmt lögum um hlutafélög. Sé því ljóst að þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru við útreikning á skattalegu eigin fé eru til staðar, þó að ekki hafi verið gengið frá skattframtali viðkomandi félags.

Að lokum segir í bréfi ríkisskattstjóra að við útfærslu hvað launakerfi varðar þá þurfi að gera ráð fyrir því að unnt sé að veita skattyfirvöldum upplýsingar um þann hluta arðsúthlutunar sem telst til launa.

## Leiðrétting - Lög um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki nr. 155/2010

Í 8. tbl. 2010 urðu þau mismæli í umfjöllun um nýju lögum um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki að skattlagningin var sögð afturvirk og í andstöðu við 2. mgr. 77. gr. stjórnarskrárinnar. Lög um sérstakan skatt á fjármálafyrirtæki voru samþykkt á Alþingi þann 18. desember 2010, þau undirrituð af forseta þann 27. desember og birt 29. sama mánaðar. Þar sem skattlagningin miðar við skuldastöðu við lok árs þá er ekki, samkvæmt túlkun á

stjórnarskrárákvæðinu, um afturvirka skattlagningu að ræða. Punkturinn harmar þessi mismæli.

## Hæstaréttardómur nr. 212/2010, frá 20. janúar 2011. Ölgerð Egils Skallagrímssonar ehf. gegn íslenska ríkinu.

Fyrirtæki verður að uppfylla skilyrði ríkisskattstjóra til að geta breytt rekstrarárinu hjá sér.

Ölgerðin gerði kröfu um að ógiltur yrði úrskurður ríkisskattstjóra sem synjaði Ölgerðinni um breytingu á reikningsári sínu. Ölgerðin hafði óskað heimildar til að rekstrarárið hæfist 1. mars ár hvert og lyki í lok febrúar, en væri ekki bundið við áramót eins og verið hafði. Var þessi ósk sett fram á grundvelli 1. mgr. 59. gr. tekjuskattslaga. Synjaði ríkisskattstjóri þessari málaleitan með vísan til þess að Ölgerðin uppfyllti ekki skilyrði, sem sett voru fram í ákvarðandi bréfi nr. 3/2004, til að fá þessa undanþágu.

Í lögum um einkahlutafélög er vísað til þess að breytingar á rekstrarári fyrirtækis skuli teknar upp í samþykktir félagsins en í ársreikninga- og bókhaldslögum er einungis vísað til þess að rekstrarár skuli vera 12 mánuðir, en ekki skilyrt við áramót. Þá verður fyrirtækið að rökstyðja breytinguna til skattyfirvalda og sýna fram á þá hagsmuni sem hann hefur af breytingunni.

Meðal þeirra málsástæðna sem Ölgerðin setti fram var, að það væru miklar sveiflur í rekstrinum, sérstaklega í kringum áramót, en desember væri stærsti sölumánuður fyrirtækisins, en stærsti skilamánuðurinn væri janúar og falla þessir mánuðir sitthvorum megin við áramótin og koma því inn á sitt hvort ársuppgjórið. Taldi Ölgerðin hagræðingu af því að fá öll skil vegna desembersölnunnar inn í ársreikninginn á sama rekstrarári. Þá benti Ölgerðin á að samkeppnisaðilar fengju að gera upp á öðru rekstrarári en almanaksárinu en dómnum þótti ekki sýnt fram á að það væri nægjanlega sannað.

Í upphaflegum forsendum skattstjóra var vísað í vinnureglur sem fram koma í ákvarðandi bréfi nr. 3/2004, um þau skilyrði sem sett eru fyrir breytingu á rekstrarári. Einhver af eftirfarandi atriðum þurfa að vera til staðar til að breyting á rekstrarári verði heimiluð:

1. Að félagið sé að mestu starfandi í atvinnugrein þar sem venjulegt reikningsár sé ekki almanaksárið og annað tímabil sé eðlilegt og algengt að nota til uppgjors á rekstri. Ekki nægi að til staðar séu venjulegar árstíða-sveiflur.

2. Að óskað hafi verið samsköttunar fyrir félagið með móðurfélagi sem þegar hafi fengið samþykkt annað reikningsár en almanaksárið og að önnur skilyrði samsköttunar séu uppfyllt.

3. Að félagið sé í nánum fjárhags- og eignatengslum við annan aðila, innlandan eða erlendan, sem hafi reikningsár, sem viki frá almanaksárinu og verulegir hagsmunir tengist því að fjárhagslegt uppgjör aðilanna fari saman.

Ölgerðin hafði ekki óskað eftir samsköttun með móðurfélagi sínu, sem hafði annað reikningsár en Ölgerðin og ekki fært rök fyrir því að nán fjárhagsleg tengsl væru til staðar við annað félag sem hefði annað rekstrarár. Þá var ekki þannig háttáð að verksmiðjureksur Ölgerðarinnar kalli á breytt rekstrarár, einn og sér.

Ölgerðin var því ekki talin hafa getað fært rök fyrir því að nauðsynlegt væri að breyta rekstrarárinu og því tekið undir sjónarmið skattfyrivalda að undanþágur frá meginreglunni eigi að skýra þröngt og synjað um heimild til breytingar á rekstrarári.

### Málefnalegt að safna kennitölum frá viðskiptavinum hjá Domino's - svar Persónuverndar.

*Domino's heimilað að nota kennitölur viðskiptavina vegna pöntunar á pizzum. Telst vera málefnalegur tilgangur.*

Nýlega óskaði Pizza Pizza ehf. (Dominos) eftir því að fyrirtækið mætti safna kennitölum frá viðskiptavinum þegar viðskiptavinurinn hringir inn og pantar pizzu, án þess að greitt sé fyrir vöruna við pöntun. Í 10. gr. laga um persónuvernd er heimild til að veita leyfi til söfnunar kennitala, þegar grundvöllurinn er byggður á málefnalegum tilgangi. Almennar reglur um heimild fyrir vinnslu persónuupplýsinga kemur fram í 8. gr. sömu laga.

Fram til þessa hefur Dominos eingöngu getað fengið símanúmer viðkomandi viðskiptavinar og ef viðskiptavinurinn misnotar pöntunar-

þjónustuna og hættir með símanúmerið hefur Dominos engin ráð til að verjast frekari misnotkun, en nokkuð hefur verið um slíkt.

Eftir að viðskiptin voru rakin í umsókn Dominos fyrir Persónuvernd var niðurstaða stofnunarinnar að fyrirtækinu væri heimilt að safna kennitölum í þeim tilgangi að vernda sig fyrir svikum. Þessi kennitölusöfnun er einungis heimil í þeim tilvikum þar sem viðskiptavinurinn hringir inn og gerir pöntun og kemur síðar að sækja pöntunina eða hún er send heim til viðkomandi og greitt er fyrir við afhendingu. Þetta á því ekki við í þeim tilvikum þegar viðskiptavinur kemur inn af götunni á sölustað Dominos og kaupir pizzu við afgreiðsluborðið.

Í svarbréfi Persónuverndar segir: „Samkvæmt 10. gr. þarf skráning kennitölu að vera nauðsynleg og þjóna málefnalegum tilgangi. Pizza Pizza ehf. hefur gefið þá skýringu að skráning kennitalna myndi fara fram til þess að fyrirtækið geti brugðist við misnotkun viðskiptavina s.s. með því að synja þeim um viðskipti sem hafa margoft sérpantað pizzur en ekki sótt þær eða neitað að greiða án þess að kvörtun um gæði vörunnar hafi borist. Hafi aðrar aðgerðir, þ.e. skráning símanúmera, ekki reynst nægja fyrirtækinu í þessu skyni. Að mati Persónuverndar er hér um málefnalegan tilgang að ræða í skilningi 10. gr. og er því skilyrði þar með fullnægt. [...] Hér er um að ræða skráningu á kennitölum þeirra sem panta pizzu. Í eðli sínu er ekki um hefðbundin staðgreiðsluviðskipti að ræða heldur viðskipti sem felast í því að pöntuð er sérútbúin vara sem ekki er greitt fyrir en hún hefur verið afhent - hún sótt eða heimsend.“

Það er alfarið ákvörðun viðskiptavinarins hvort hann vilji gefa upp kennitölu sína eða ekki. Það má þó leiða að því líkum að aðeins gegn upplýsingum um kennitölu geti viðskiptavinurinn nýtt sér þjónustu Dominos að hafa vöruna tilbúna þegar hann kemur að sækja hana, eða ef hann fær hana heimsenda.

### Úrskurður yfirséðar nefndar nr. 402/2010

*Annað hvort á að skattleggja söluverð starfsmanns þegar hann er veittur, eða þegar hann er nýttur af starfsmanninum.*

Kærandi í málinu hafði ásamt 16 starfsmönnum Z hf. stofnað einkahlutafélagið X og skræði sig fyrir um 5,4% af hlutum þess á árinu

2004, en þá var gangverð þeirra um 7. X ehf. fjármagnaði kaupin að mestu leyti með láni frá T-banka hf. gegn söluverð útgefnum af Z hf. og fékk bankinn veð í hlutum X ehf. í Z hf. X ehf., sem þannig varð fjárfestingarfélag þessara 17 starfsmanna, eignaðist um 10% hlutafjár í Z hf., sem það seldi allt á árinu 2005 þegar gangverð þeirra var um 14. Um svipað leyti keypti X ehf. hluti kæranda á samsvarandi gengi þannig að kærandi hafði um 83 milljónir króna í söluhagnað sem hann tilgreindi á skattframtali sínu sem fjármagnstekjur í framtali sínu gjaldárið 2006.

Skattstjóri taldi vegna söluverðarsamningsins og starfssambands kæranda við Z hf. að fjárhagslegur ávinningur kæranda af hlutabréfasöluinni væri launatekjur og skattlagði kæranda í samræmi við það á grundvelli starfstengdra hlunninda, en þó að teknu tilliti til þess að söluverðarsamningur stóð ekki að baki allri fjárfestingu X ehf. í Z hf.

Yfirséðar nefnd taldi það „deginum ljósra“ að söluverður sá sem Z hf. veitti X ehf. hefði ekki komið til nema vegna starfssambands hluthafa X ehf. við Z hf. Þá vildi nefndin ekki draga þá staðhæfingu úr efa að kærandi og sameigendur hans í X ehf. hefðu vegna vilja til fyrrráða í félaginu eða umtalsverðra áhrifa verið í stöðu fjárfesta í Z hf. Þar sem skattstjóri hafði ekki farið „kaupréttarleiðina“ í máli kæranda, eins og gert hafði verið í öðrum málum taldi yfirséðar nefnd að í máli hans reyndi á skattalega meðferð söluverðar sem slíks. Taldi nefndin að lagagrundvöllur væri fyrir hendi í almennum reglum tekjuskattslaga og ákvæðum reglugerðar nr. 245/1963 til að skattleggja launahlunnindi tengd söluverði. Segir svo orðrétt í niðurstöðu nefndarinnar:

*„Þótt þannig sé til staðar lagagrundvöllur til skattlagningar á launahlunnindum, sem talin eru felast í söluverði, er engu að síður ljóst að vandkvæðum getur verið bundið, vegna skorts á sértækum lagareglum, að ákvarða meint launahlunnindi vegna söluverðar í einstökum tilfellum.“*

Þá segir skömmu síðar:

*„Þegar þetta er virt og ennfremur horft til þess hvernig skattlagningu starfstengds söluverðar er háttáð í ýmsum ríkjum samkvæmt reglum í þeim, þar sem m.a. er algengt að söluverður sé skattlagður við veitingu hans, miðað við markaðsverð söluverðarins á því tímamarki, er ljóst að álitamál getur verið hvernig fara skuli með söluverð hérlandis, miðað við fyrrgreindar lagalegar aðstæður hér á landi.“*

Nefndin komst síðan að þeirri niðurstöðu að verulegir annmarkar hefðu verið á ákvörðun skattstjóra á fjárhæð hinna skattskyldu launahlunninda kæranda vegna söluréttar og var nefndin ósátt við framgöngu skattstjóra að öðru leyti og taldi annmarka á rökstuðningi hans.

Þá segir nefndin loks orðrétt:

*„Tekið skal fram varðandi lagaforsendur að þótt fallast megi á að veiting söluréttar til starfsmanns geti falið í sér skattskyld hlunnindi, sbr. að framan, verður naumast séð, miðað við núverandi lagaáðstöðu, að skattgilding hlunninda af þessu tagi geti komið til álita nema við veitingu söluréttar eða þegar nýting hans leiðir til að starfsmanni hlotnast verðmæti sem hann ella hefði ekki fengið. Hvorugu þessu er til að dreifa í tilviki kæranda, enda fór engin skattlagning fram við veitingu söluréttar og hin sölutryggðu hlutabréf voru seld við herra verði en nam söluréttargengi. Að svo vöxnu máli verður ekki talið að lagaforsendur hafi verið fyrir hinni kærðu skattlagningu.“*

Með vísan til alls þessa féllst nefndin á kröfu kæranda um að viðbótarlagning skattstjóra á hann væri felld niður og að frumálagning á hann samkvæmt framtali gjaldársins 2006 yrði óbreytt.

### Samningur viðskiptaráðherra og viðskiptabankanna frá 2001 um ábyrgðir, aftur í umræðunni.

*Sé skuldaábyrgð eða veð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu bar fjármála-fyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda samkvæmt samkomulagi þar um.*

Þann 1. nóvember 2001 gerði þáverandi viðskiptaráðherra samkomulag við fjármálastofnanir sem kvað á um að skuldarar, sem fá meira en milljón að láni, verði að fara í greiðslumat. Í samkomulaginu kemur fram að það taki til allra skuldaábyrgða. Einnig að það taki til þess er einstaklingur hefur gefið út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings.

Í samkomulaginu kemur fram að sé skuldaábyrgð eða veð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu ber fjármála-fyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda, nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti

að svo verði ekki gert. Hins vegar er fjármála-fyrirtæki skylt að greiðslumeta skuldarar þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldarar nemur meira en einni milljón. Við greiðslumatið skal taka tillit til neyslu og annarra fastra útgjalda áður en ráðstöfunarfé til greiðslu skuldbindinga er reiknað út. Þá kemur fram að ef ráðgert er að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán skuldarar hjá fjármála-fyrirtæki, skal ábyrgðarmaður staðfesta skriflega að honum hafi verið kynnt um þær ráðagerðir. Þá segir að tryggt skal að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gengst í ábyrgðina, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt það. Ef niðurstaða greiðslumats bendir til að greiðandi geti ekki efnt skuldbindingar sínar en ábyrgðarmaður óskar eftir að lán verði veitt engu að síður, skal hann staðfesta það skriflega.

Af framangreindum verklagsreglum leiðir að lánveitendum ber að viðhafa ákveðið verklag við veitingu þeirra tryggingarréttinda sem um ræðir. Ef lánveitandi hefur ekki sinnt því, er vafamál hvað varðar réttmæti trygginganna. Eins og fram hefur komið í fréttum, eru fordæmi fyrir því að fjármálastofnanir láti ábyrgðir niður falla á þeim grundvelli að verklagsreglunum hafi ekki verið fylgt. Því er spurning hvort framangreint eigi við í öllum tilfellum.

### Nýr liðsmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

Nýlega var gengið frá ráðningu Símonar Þórs Jónssonar lögfræðings til skatta- og lögfræðisviðs Deloitte. Símon hefur langa reynslu af skatta- og félagaréttarmálum og starfaði síðast sem forstöðumaður (director) á skatta- og lögfræðisviði KPMG.

Áður starfaði Símon sem verkefnisstjóri hjá Skattstofu Reykjanesumdæmis á árunum 1999-2003.

Skatta- og lögfræðisvið Deloitte býður Símon velkominn til starfa.



## Helstu skattbreytingar 2011

Yfirlit yfir allar helstu skattbreytingar sem tóku gildi um áramót.

### 1. Skattlagning einstaklinga

Staðgreiðsla 2011, stighækkandi tekjuskattur

#### Árstekjur:

Undir kr. 2.512.800 (tekjuskattur 22,9 + meðal-útsvar 14,41).....	37,31%
Kr. 2.512.801 - 8.166.600 (tekjuskattur 25,8 + meðalútsvar 14,41).....	40,21%
Yfir kr. 8.166.601 (tekjuskattur 31,8 + meðalútsvar 14,41).....	46,21%

Fjármagnstekjuskattur ..... 20,00%  
Þó skal ekki reikna skatt af heildarvaxtatekjum að fjárhæð kr. 100.000.

Auðlegðarskattur, umfram eignir kr. 75.000.000 hjá einstaklingum og kr. 100.000.000 fyrir hjón og sambúðarfólk ..... 1,50%

Staðgreiðsla barna yngri en 16 ára, af tekjum umfram kr. 100.745 (tekjuskattur 4% + útsvar 2%) ..... 6,00%

Gjald í framkvæmdasjóð aldraðra ..... 8.700 kr.  
Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2010.

Útvarpsgjald ..... 17.900 kr.  
Gjaldið er lagt á alla á aldrinum 16-69 ára sem eru með tekjur yfir skattleysismörkum á árinu 2010.

#### Persónuafsláttur

Tekjuárið 2010 (kr. 44.205 á mánuði) ..... 530.466 kr.  
Tekjuárið 2011 (kr. 44.205 á mánuði) ..... 530.466 kr.

Skattleysismörk eftir lífeyrissjóðsfrádrátt 2011 ..... 1.481.004 kr.

#### Sjómannaafláttur

Á dag tekjuárið 2011 ..... 740 kr.

#### Söluhagnaður af hlutabréfum

Einstaklingar greiða 20% fjármagnstekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfa.

#### Arfur

Erfðafjárskattur er 10%. Enginn erfðafjárskattur er greiddur af fyrstu kr. 1.500.000 í skattstofni nema um fyrirframgreiddan arf sé að ræða.

#### Meðferð söluhagnaðar íbúðarhúsnæðis úr dánarbúi

Meðferð á söluhagnaði íbúðarhúsnæðis er sú sama hvort sem salan fer fram úr dánarbúi eða af erfingja sjálfum ef skilyrði tekjuskattslaganna um eignarhaldstíma og stærðarmörk eru uppfyllt.

#### Endurreikningur gengistryggðra húsnæðis- og bílalána í lán í íslenskum krónum

Inneignavextir skuldara á árunum 2010 og 2011 sem verða til vegna endurreiknings á gengistryggðum húsnæðis- og bílalánum í lán í íslenskum krónum teljast ekki til fjármagnstekna. Endurútreikningur afborgana og vaxta af þessum sökum hefur hvorki áhrif á áður ákvarðaðar vaxtabætur né barnabætur, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar, nema skattaðili fari fram á endurákvörðun þeirra.

#### Tekjuskattur manna með takmarkaða skattskyldu

Sérstakar reglur hafa verið settar vegna þeirra manna sem bera takmarkaða skattskyldu og eru búsettir hér á landi, eða í aðildarríki á EES, EFTA-svæðinu eða í Færeyjum, en fá sem nemur eigi minna en 75% heildartekna sinna á tekjuárinu frá Íslandi.

#### Vaxtabætur

Sú breyting var gerð í lok árs 2010 að vaxtagjöld sem mynda stofn til vaxtabóta teljast greiddir vextir og verðbætur á afborganir og vexti en ekki gjaldfallnir vextir eins og áður var. Fjárhæðir vaxtagjalda og vaxtabóta voru hækkaðar en skerðingarmörk vegna eigna lækkaðar á móti. Sérstakar reglur gilda til bráðabirgða um ákvörðun vaxtabóta við álagningu 2011 og 2012.

#### Hámark vaxtagjalda og vaxtabóta:

	Vaxtagjöld 2010	Vaxtabætur 2011
Einstaklingur	800.000 kr.	400.000 kr.
Einstætt foreldri	1.000.000 kr.	500.000 kr.
Hjón sambúðarfólk	1.200.000 kr.	600.000 kr.

**Sérstök vaxtaniðurgreiðsla**

Við álagningu opinberra gjalda á árunum 2011 og 2012 er ákvörðuð sérstök vaxtaniðurgreiðsla

**Barnabætur**

Barnabætur árið 2011 eru greiddar vegna hvers barns innan 18 ára aldurs (f. 1993 eða síðar). Bæturnar eru nú tekjutengdar að öllu leyti.

**2. Skattlagning atvinnurekenda****Tekjuskattur lögaðila vegna 2011**

Félög með takmarkaða ábyrgð og samvinnufélög.....	20%
Aðrir lögaðilar.....	36%

**Sérstakur skattur á fjármálafyrirtæki**

Viðskiptabankar, sparisjóðir og lánaþyrirtæki.....	0,041%
Skattur reiknast af heildarskuldum skv.framtali	

**Búnaðargjald**

Álagning 2011.....	1,2%
--------------------	------

**Útvarpsgjald**

Álagning 2011.....	kr. 17.900
--------------------	------------

**Tryggingagjald/Markaðsgjald**

Almennt gjaldstig.....	8,65%
Laun sjómanna.....	9,30%

**Takmarkanir á frádrætti móttækis arðs**

Skilyrði frádráttar móttækis arðs er að móttakandi arðs eigi í lok þess árs sem arður er greiddur vegna a.m.k. 10% í þeim lögaðila sem greiðir arðinn og að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu.

**Takmarkanir á frádrætti söluhagnaðar hlutabréfa**

Skilyrði frádráttar söluhagnaðar hlutabréfa er að yfirfæranlegt rekstrartap hafi verið jafnað, þ.m.t. tap sem myndast hefur á tekjuárinu og að seljandi hafi átt a.m.k 10% hlut í viðkomandi lögaðila á söludegi.

**Frádráttur vegna rannsóknar- og þróunarverkefna**

Nýsköpunarfyrirtæki sem er eigandi að rannsóknar- eða þróunarverkefnum sem hlotið hafa staðfestingu Rannís á rétt á frádrætti frá tekjuskatti sem nemur 20% af útlögðum kostnaði vegna þessara verkefna enda sé kostnaðurinn frádráttarþær samkvæmt skattalögum. Hámark kostnaðar til útreiknings á frádrætti hjá hverju fyrirtæki skal vera kr. 100.000.000 á rekstrarári en kr. 150.000.000 ef um er að ræða aðkeypta rannsóknar- eða þróunarvinnu. Frekari skilyrði eru fyrir frádrætti.

**Breyting kröfu í hlutabréf**

Þegar kröfu er breytt í hlutafé í stað eftirgjafar telst það fullnaðargreiðsla hennar. Við skiptin skal fara fram mat á verðmæti hlutafjárins.

**Eftirstöðvar rekstrartapa**

Frá skattskyldum tekjum á rekstrarárinu 2010 (framtal 2011) er heimilt að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá síðustu tíu árum, enda hafi ekki orðið veruleg breyting á þeim rekstri eða starfsemi sem í hlut á.

**Eftirgjöf skulda rekstraraðila**

Sérstakar reglur hafa verið settar um skattskyldu eftirgjafar skulda rekstraraðila vegna rekstrar- og greiðsluerfiðleika á tekjuárunum 2009, 2010, og 2011.

**Gengishagnaður**

Tekjufærsla gengishagnaðar á innlánsreikningum í erlendri mynt á sér stað við úttekt af reikningi. Heimilt er að jafna saman gengishagnað og gengistap hvers innlánsreiknings fyrir sig innan ársins.

### 3. Virðisaukaskattur

#### Endurgreiðsla virðisaukaskatts

Þeir sem byggja íbúðarhúsnæði eða frístundahúsnæði fá 100% þess virðisaukaskatts sem þeir hafa greitt af vinnu manna á byggingarstað endurgreiddan.

#### Gjald vegna virðisaukaskattsskýrslu sem skilað er í kjölfar áætlunar

Sérstakt gjald að fjárhæð kr. 5000 er lagt á hverja virðisaukaskattsskýrslu sem skilað er í kjölfar áætlunar virðisaukaskatts á viðkomandi skattaðila.

#### Fjárhæðamörk skráningarskyldu

Fjárhæðamörk þeirra sem eru skráningarskyldir vegna virðisaukaskatts hækka úr kr. 500.000 í kr. 1.000.000.

#### Synjun um skráningu á virðisauka-skattsskrá

Heimilt er að synja aðila um skráningu á virðisaukaskattsskrá liggja fyrir að hann hafi ekki uppfyllt framtalsskyldur sínar á einhverju ári af næstliðnum þremur tekjuárum á undan því ári sem sótt er um skráningu og opinber gjöld hans af þeim sökum áætluð.

#### Heimild til að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá

Ríkisskattstjóra er heimilt að fella skattaðila af virðisaukaskattsskrá sem sæta áætlun samfelld í tvö ár eða lengur. Ef skattaðili er skráður að nýju á virðisaukaskattsskrá, skal hann nota hvern almanaksmánuð sem uppgjörstímabil í a.m.k. tvö ár. Nýskráðum og endurskráðum aðilum ber einnig að haga skilum sínum á þennan hátt ef eigandi félags, framkvæmdastjóri eða stjórnarmaður þess hefur orðið gjaldþrota á næstliðnum fimm árum fyrir skráningu á virðisaukaskattsskrá.

#### Takmarkanir á færslu innskatts

Heimild til færslu innskatts er háð því að viðsemjandi skattaðilans sé á virðisaukaskattsskrá þegar viðskipti eiga sér stað.

#### Fjármálaráðuneytið birtir lista yfir lágskattasvæði

Samkvæmt 57. gr. a. laga um tekjuskatt, skal ráðherra birta lista yfir þau lönd og svæði þar sem skattlagning skv. ákvæðinu tekur til. Þann 22. desember var listinn birtur og teljast eftirfarandi svæði og lönd lágskattaríki skv. ákvæðinu:

*Andorra, Anguilla, Antígva og Barbúða, Arúba, Barein, Belís, Bresku Jómfrúaleyjar, Cooks eyjar, Dóminíka, Gíbraltar, Grenada, Hollensku Antillur, Liechtenstein, Líbería, Maldíveyjar, Marshall-eyjar, Mónakó, Montserrat, Nárú, Niue, Panama, Samóa, Sankti Lúsía, Sankti Kitts og Nevis, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Seychelles-eyjar, Tonga, Turks og Caicos-eyjar og Vanúatú.*

#### Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

#### Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir,  
yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs Deloitte

#### Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur  
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see [www.deloitte.com/about](http://www.deloitte.com/about) for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.